

Plastefni í þök

Í grein 79.14 í byggingarreglugerð nr. 441 /1998 segir:

„Plastefni sem notað er í þök er háð samþykki Brunamálastofnunar”.

Viðmiðun

Við val á plastefnum í þök skal haft í huga að plastefnin valdi ekki skaða fyrir fólk eða eignir í bruna eða hindri notkun flóttaleiða.

Ekki má nota plastefni í þök sem drjúpa brennanlegum dropum eða ögnum, þ.e. þau skulu flokkast sem d0 samkvæmt gr. 145.3 í byggingarreglugerð nr. 441/1998

Plastefnið skal vera tregtendranlegt.

Uppsetning plastefnanna skal gerð þannig að ekki sé hætt á að hrun verði á stórum flötum í einu.

Samanlagt flatarmál þakglugga úr brennanlegu efni má vera mest 15% af þakfleti samkvæmt gr. 136.9 í byggingarreglugerð og skal vera jafndreift um þakið.

Sjá einnig leiðbeiningablað 167.1 BR2 varðandi þakglugga sem reyklosun m.a. um takmarkanir á stærð reyklúga.